

Bolungarvíkurkaupstaður
Finnbogi Bjarnason
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

Reykjavík 15. mars 2021
UST202102-337/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Bolungarvíkur 2020 – 2032 - Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bolungarvíkur er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð er fjallað um 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en í greininni eru tilgreind vistkerfi og jarðminjar sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til.

Umhverfisstofnun vill benda á að í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess í skipulagsákvæðum sé tekið tillit til vistkerfa og jarðminja sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skógrækt, frístundabyggð og önnur landnotkun í Breiðabólssdal geti haft áhrif á votlendi.

Stjórn vatnamála

Í greinargerð er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og auk þess segir að taka skuli markmið vatnaáætlunar, þegar hún liggur fyrir, til greina við skipulagsákvæðanir.

Umhverfisstofnun vill benda á að þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ýmiss konar landnotkun getur haft neikvæð áhrif á ástand vatnshlota eins og smávirkjanir og efnistaka í ám. Umhverfisstofnun bendir á að smávirkjanir flokkast sem vatnsformfræðilegt álag á vatnshlot en slíkt álag getur haft áhrif og valdið vistfræðilegum breytingum á ástand vatnshlotsins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skilgreindir eru þeir gæðapættir sem skal nota við mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota og viðmiðunarmörk flestra þessara gæðapátta hafa verið skilgreindir fyrir straum- og stöðuvötn í skýrslunni: „*Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi*“. Gögn, sem mun verða safnað á næstu árum, verða jafnóðum sett inn í upplýsingakerfið og birtast þar í vefsíðni (<https://vatnavefsja.vedur.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Úrgangur og svæðisáætlun

Umhverfisstofnun bendir á að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er ekki lengur í gildi og var áætlunin felld úr lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Í stað landsáætlunar tóku við svæðisáætlanir sveitarfélaga með lagabreytingu árið 2014.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir.

Umhverfisstofnun bendir á að skýr skylda sveitarstjórna til að skila inn svæðisáætlun sveitarfélaga hefur verið í lögum frá árinu 2014, með lögum nr. 63/2014 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem í 6. grein er kveðið á um svæðisáætlanir. Í 4. gr. reglugerðar nr. 969/2014 um breytingu á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, er fjallað um 9. gr. sem kveður á um *svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs*. Í *eldri útgáfu reglugerðar árið 2003 var einnig ákveðið í 8. gr. um skyldu sveitarstjórna til að skila inn áætlunum sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs*.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur birt í samráðsgátt stjórnvalda stefnu um meðhöndlun úrgangs sem nefnist í átt að hringrásarhagkerfi sem stefnt er að að klára árið 2021. Frestur til að skila inn athugasemdum í gegnum samráðsgátt var til 23. febrúar sl. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hægt er að vísa til aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum þegar rætt er um að draga úr urðun lífræns úrgangs en þar eru settar fram aðgerðir um bann við urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Í greinargerð kemur fram að hreint timbur og garðaúrgangur er urðaður við Hól en þar er urðunarstaður með starfsleyfi og í skipulagsákvæðum fyrir Hól (I-6) segir að þar sé heimild til urðunar á óvirkum úrgangi í samræmi við starfsleyfi. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að starfsleyfi fyrir Hól gerir annars vegar ráð fyrir urðun óvirks úrgangs og hins vegar jarðgerð viðar- og garðaúrgangs. Umhverfisstofnun telur æskilegt að það komi fram í skipulagsákvæðum fyrir svæðið.

Loftslagsmál

Í greinargerð kemur fram að í september 2018 kynnti ríkisstjórn Íslands aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Efnistaka

Í greinargerð segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Landeigandi hefur þó ekki leyfi til að taka efni sem er á verndarsvæðum. Í 13. gr. skipulagslaga 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. [61. gr.] 1) laga um náttúruvernd.“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að skólp sé losað óhreinsað út í sjó frá Bolungarvík og sjórinn þynnir það og eyðir því. Umhverfisstofnun telur fullyrðingu þessa ekki rétta þar sem í skólpi eru ekki einungis lífræn efni og saurbakteríur sem sjórinn vissulega eyðir og/eða dreifir. Heldur er einnig í skólpi rusl, hættuleg efni og lyfjaleifar sem ekki er hægt að fullyrða um að sjórinn eyði.

Í greinargerðinni er vísað í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um skólpmengun og þarf að vera skýr munur á hvort verið er að tala um saurbakteríumengun eða mengun af völdum næringarefna. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem talað er um skólpmengun sé innan viðmiðunarmarka fyrir útivistarsvæði þá á það við saurbakteríumengun sbr. fylgiskjal II í skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að kröfur um hreinsun á skólpi frá þéttbýli sem losar undir 10.000 pe. í sjó er viðunandi hreinsun. Í viðunandi hreinsun felst skv. 14. mgr. 3. gr. að hreinsa skal skólp með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka. Frestur til að uppfylla kröfurnar rann út árið 2005. Stofnunin bendir á að í greinargerð þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi hreinsun fráveituvatns og tímaáætlun.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur